

COVID-19

Notkun CPAP kæfisvefnsvélar í heimahúsi

Ekkert bendir til að notkun kæfisvefnsvéla valdi versnun á COVID-19 sjúkdómi og einkennum hans. Því er óhætt að nota kæfisvefnsvél áfram þrátt fyrir að vera með COVID-19 en gæta þarf sérstakrar varúðar til að draga úr hættu á að smita aðra.

Gæta þarf að rétttri notkun og umgengni því hættu er á að vélin dreifi veirum þegar hún er í notkun. Því er mikilvægt að vera meðvitaður um aukna sýkingarhættu fyrir aðra í nágrenni við kæfisvefnsvélina.

Nauðsynlegt er að sofa einn í herbergi með lokaðar dyr, jafnvel þótt einkennum séu væg. Ef það er ekki hægt skal íhuga hvort sé hægt að gera stutt hlé á öndunarvélameðferð fyrir einstakling í samráði við lækni.

Hægt er að gera breytingar á búnaði til að minnka smithættu, s.s. með notkun andlitsgrímu og gera þá viðeigandi breytingu á stillingu grímutegundar á vélinni. Hjúkrunarfræðingar svefndeildar leiðbeina um allar breytingar á stillingum og notkun búnaðar til að tryggja rétta meðferð.

Umgengni

COVID-19 berst á milli manna annars vegar með dropasmíti í lofti og hins vegar með snertismíti.

- Dropasmit getur aukist við meðferð með kæfisvefnsvél.
 - » Kæfisvefnsvél eykur dropaframleiðslu einstaklings, og dreifir úðaögnum frá munni eða nefi.
 - » Smitandi úðaagnir geta verið í loftinu í klukkustund eða meira.
- Snertismit
 - » Verður við beina snertingu við sýktan einstakling, hluti eða yfirborð.
 - » Kæfisvefnsgríma og -barki geta einnig borið smit ef búnaðurinn er snertur.
 - » COVID-19 veiran getur lifað á plasti og öðrum snertiflötum í margar klukkustundir og jafnvel daga.

Smitgát

- Vandaður handþvottur er lykilatriði fyrir og eftir meðhöndlun kæfisvefnsbúnaðar.
- Sóttreinsa þarf snertifleti á vél og í svefnherbergi daglega með mildu hreinsiefni.

Hreinsun á búnaði

1. Slökkt er á kæfisvefnsvélinni.
2. Gríma og barki eru aftengd og tekin í sundur í helstu hluta (höfuðbönd, gríma og ramminn utan um grímuna).
3. Hlutar eru þvegnir með mildu, volgu sápuvatni og síðan lagðir til þerris á hreinu stykki fjarri beinu sólarljósi.
4. Ef notað er rakatæki með kæfisvefnsvélinni er það þrifið og þurrkað á sama hátt.
5. Yfirborð vélarinnar er sóttreinsað með sóttreinsiklútum eða tusku vættri í 70% spritti. Gæta þarf þess að raki komist ekki inn í vélina.
6. Þegar sjúklingur hefur verið einkennalaus í 7 daga er skipt um síu.

Heimilismeðlimir og gestir

Heimilismeðlimir og aðrir sem eru í návígi við einstakling sem smitaður er af COVID-19 þurfa að gæta vel að eigin smitvörnum og takmarka eins og kostur er þann tíma sem þeir eru nálægt kæfisvefnsvélinni þegar hún er í gangi. Nauðsynlegt er að nota hlífðarbúnað ef fara þarf inn í herbergið þar sem vélin er í gangi, þ.e. skurðstofugrímu, hanska, svuntu og hlífðargleraugu eða skjöld. Hægt er að nota farsíma eða barnavöktunarbúnað til samskipta til að lágmarka umgengni. Heimsóknir gesta annarra en umönnunaraðila eru óheimilar meðan einstaklingur er í einangrun.

Ef vandamál koma upp varðandi meðferð með kæfisvefnsvél meðan einstaklingur er í einangrun er haft samband við COVID-19 göngudeild Landspítala í síma 543 1900 eða göngudeild svefnrannsóknna A3 á Landspítala Fossvogi í síma 543 6025